

STÆKKUN MJÓLKÁRVIRKJUNAR Í ÍSAFJARDARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Mjólkárvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði ekki veruleg. Við endurnýjun þrýstilagna að Mjólkárvirkjun I verða óhjákvæmilega sýnileg ummerki á framkvæmdatíma og á meðan svæðið er að jafna sig eftir að framkvæmdum er lokið. Skipulagsstofnun telur brýnt að standa þannig að verki að rask verði í algjöru lágmarki og að hafist verði handa við frágang svæðisins um leið og framkvæmdum lýkur. Gangi það eftir eigi neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna að verða skammvinn og óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag verði helst vegna veituskurða. Einkum vegna þess að bein lega þeirra fellur illa að náttúrulegu formi landslagsins. Þar sem þeir verða að mestu leyti á lítt grónu svæði til heiða og sjást eingöngu þegar komið er að þeim þá verði áhrif þeirra ekki veruleg.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að ef framkvæmdirnar auki afhendingaröryggi og dragi úr notkun díselstöðva við raforkuframleiðslu þá fylgi þeim talsverð jákvæð áhrif á samfélag á vestanverðum Vestfjörðum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktihögum sem kynnt hefur verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. apríl 2010.

INNGANGUR

Þann 15. febrúar 2010 tilkynnti Orkubú Vestfjarða ohf. um stækkun Mjólkárvirkjunar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 8. mars 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. febrúar 2010, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 22. febrúar 2010, Orkustofnun með bréfi dags. 9. mars 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. mars 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð er stækkun Mjólkárvirkjunar með byggingu tveggja stöðvarhúsa, lagningu þrýstipípu frá Prestagilsvatni að Borgarhviltarvatni, framlengingu Hofsárveitu og lagningu veituskurða.

Mjólkárvirkjun skiptist í two meginhluta; Mjólká I og Mjólká II. Mjólká I var tekin í notkun árið 1958 en þá var vatn úr Borgarhviltarvatni virkjað. Mjólká II var tekin í notkun árið 1975 en þá var rennsli úr Langavatni virkjað. Ástand og aldur búnaðar er farinn að koma niður á rekstraröryggi virkjunarinnar. Vélar eru farnar að slitna og þrýstipípa Mjólkár I er of þróng.

Með fyrirhuguðum framkvæmdum er gert ráð fyrir að auka framleiðslugetu Mjólkárvirkjunar. Framkvæmdin byggir á því að auka nýtingu og afl núverandi véla og byggja tvær nýjar virkjanir. Aðeins er gert ráð fyrir að auka vatnsöflun um 20 l/s. Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að endurnýja vélar Mjólkár I og II og bæta við tveimur nýjum virkjunum; Mjólká III ofan við Borgarhviltarvatn og Mjólká IV neðan núverandi stíflu í 3 Prestagilsvatni. Nýju virkjununum er ætlað að nýta rennsli Mjólkár I áður en það er virkjað neðan Borgarhviltarvatns. Það er gert með því að veita Hofsárveitu úr Borgarhviltarlæk um nýjan veituskurð í Mjólká ofan Prestagilsvatns. Milli stöðvarhúsa Mjólkár IV og III verður stýrðu rennsli veitt um þrýstipípu. Að auki er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu á rennsli í Prestagilsvatn, og þar með Mjólká I og III, með því að veita rennsli úr litlu stöðuvatni 349 ofan Kothjalla, um nýjan veituskurð í læk sem rennur í Prestagilsvatn. Þá er gert ráð fyrir að leggja nýja þrýstipípu frá núverandi þrýstipípu Mjólkár II að stöðvarhúsi Mjólkár IV. Með þeirri framkvæmd verður hægt að miðla vatni milli virkjanakerfa. Gert er ráð fyrir að endurnýja neðri hluta þrýstipípu Mjólkár I samhliða vélaskiptum, vegna þrengsla pípunnar. Ekki hefur verið ákveðið hvort eða hvenær farið verður í endurnýjun efri hluta pípunnar, en það fer eftir ástandi hennar. Gert er ráð fyrir að stöðvarhús fyrir Mjólká III og IV verði hvort um sig 60-80 m².

Að loknum framkvæmdum er gert ráð fyrir að upsett afl virkjananna verði:

| | |
|------------|--------------------------------|
| Mjólká I | 3 MW (núverandi afl er 2,4 MW) |
| Mjólká II | 7 MW (núverandi afl er 5,7 MW) |
| Mjólká III | 1,15 MW |
| Mjólká IV | 0,9 MW |

Engin ný lón eða stíflur verða gerðar. Mjög takmörkuð slóðagerð verður vegna framkvæmdanna, en núverandi slóðar nýtast við nánast alla framkvæmdina. Rennsli í Mjólkárfossum mun aukast lítillega en rennsli í tveimur lækjum minnkar eða hverfur.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka framleiðslu raforku innan Vestfjarða og um leið bæta afhendingaröryggi sem er það lakasta á landinu. Þörf fyrir varafl, knúið jarðefnaeldsneyti, minnkar í bilanatilvikum sem því nemur. Framkvæmdin gerir ráð fyrir að heildaraflíð aukist úr 8,1 MW í 12,05 MW.

Veituskurðir. Fram kemur að grafnir verði tveir nýir skurðir, annar um 170 m og framlengi Hofsárveitu til Mjólkár en hinn um 130 m og liggi frá vatni 349 í farveg að Prestagilsvatni. Jafnframt verði lækur milli Prestagilsvatns og Borgarhvilstarvatns færður á allt að 200 m kafla.

Efnistaka og haugsetning. Fram kemur að engin efnistaka verði á svæðinu en gert sé ráð fyrir því að allur uppröftur vegna lagningu pípa og gerð veituskurða verði nýttur á staðnum. Um 3.400 m³ af efni verði sótt í opna námu á Grjóteyri.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að fyrirhugað sé að veita Borgarhvilstarlæk ofan Prestagilsvatns í Mjólká en við það þorni Borgarhvilstarlækur neðan nýja veituskurðarins að Borgarhvilstarvatni. Fyrirhugað sé að veita rennsli úr vatni 349 ofan Kothjalla í Prestagilsvatn. Fram kemur að reiknað sé með óverulegri aukningu á rennsli í Borgarhvilstarvatn eða úr 3,09 í 3,11 m³/s og sé aukningin vegna rennslis úr vatni 349. Reiknað sé með að rennsli úr Prestagilsvatni aukist úr 2,46 í 3,11 m³/s. Lítillega þurfi að færa lækjarfarveg, sem nú liggi úr Prestagilsvatni í Borgarhvilstarvatn, til að rýma til fyrir þrýstipípu III sem taka á rennslið milli vatnanna. Við virkjun Mjólkár hafi þessi lækur verið gerður til að veita rennsli úr Prestagilsvatni (sem þá myndaðist) í Borgarhvilstarvatn. Rennslið muni öllu jöfnu fara í gegnum fyrirhugaða pípu, þannig að lækurinn verði oftast þurr. Lækurinn sé lítt sýnilegur í dag og því hafi framkvæmdin óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins. Auk þess sé núverandi lækur manngerður og eldri farvegur hans hverfi við lagningu pípunnar.

Áhrif á landslag. Fram kemur að á litlum kafla, þar sem Borgarhvilstarlækur renni niður hlíðina í Borgarhvilst, sé hann sýnilegur frá þjóðveginum. Ásýnd þessa svæðis muni því breytast en hafa beri í huga að núverandi rennsli sé ekki náttúrulegt og lækurinn hafi verið lítt sýnilegur fyrir framkvæmdir árið 1976. Nú fari rennsli úr vatni 349 í Kotlæk sem renni um Kothjalla niður hlíðina og sameinist Mjólká við brú á þjóðveginum. Hugsanlega þorni Kotlækur upp við framkvæmdirnar en þó sé líklegt að lindavatn í Neðri-Kothjalla renni í Kotlæk, þannig að eithvert rennsli verði áfram í læknum. Kotlækur sé hins vegar ekki áberandi í landslaginu.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að afhendingaröryggi rafmagns sé hvað minnst á Vestfjörðum. Samfélagslegur kostnaður af því sé umtalsverður, bæði vegna keyrslu varaafls með díselvélum og vegna straumleysis og truflana fyrir m.a. atvinnulífið. Ótrygg raforka skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og sé að auki kostnaðarsöm. Auk þess leiði framkvæmdin til minni notkunar á innfluttu eldsneyti, nokkuð sem sé bæði hagkvæmara og umhverfisvænna. Framkvæmdin sé því líkleg til að hafa nokkur jákvæð áhrif á samfélag um alla vestanverða Vestfirði. Framkvæmdin sé ekki líkleg til að neikvæð áhrif á samfélagið þar sem ekki sé verið að brjóta nýtt land og hafi því ekki áhrif á útvistarsvæði eða nýtingu almennings á svæðinu.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að allt framkvæmdasvæðið sé á eða mjög nærri svæðum þar sem áður hefur verið framkvæmt eða séu nýtt vegna virkjunarinnar. Ekki sé talið að framkvæmdirnar hafi frekari áhrif á fuglalíf. Fram kemur að ekki sé

fiskgengd í Mjólká en staðbundinn fiskur sé í flestum vötnum á heiðinni, þ.m.t. inntakslónunum. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar muni hafa áhrif á fiskistofna.

Fram kemur að hlíðin ofan stöðvarhúsa I og II sé að miklu leyti kjarri vaxin upp að klettum. Rakari svæði ofan við Borgarhvilstarvatn séu gróin snjódaeldagróðri upp að 275 m y.s. sem og Neðri-Kothjalli upp að 200 m y.s. Ofan þess tekur hásléttan við, s.k. Glámuhlendi. Hálendið sé mjög grýtt og gróðursnauðt, þó finna megi nokkurn gróður í dældum og við vötn. Við fyrirhugaðar framkvæmdir verða slóðar nýttir að mestu. Aðeins verði því gerður stuttur slóði frá eldri slóða að nýju stöðvarhúsi. Á einum stað þurfi að keyra um 500 m vegalengd yfir óbrotið land. Þrýstipípa I verði endurnýjuð að hluta, en hún liggur niður hlíðina sem er allgróin. Gróðurþekjan í pípustæðinu sé röskuð og ný pípa verði lögð í sama stæði. Ný þrýstipípa verði lögð um hrjóstrugt og ógróið land frá Prestagilsvatni að Borgarhvilstarvatni. Jafnframt verði háspennustrengir plægðir eða lagðir meðfram pípum og í vegslóða. Nýr háspennustrengur og ljósleiðari verði lagður frá Mjólká I og II að Mjólká III. Strengurinn verði plægður niður í jaðri kjarrsins í hlíðinni og eftir holtum eða grasbólum þegar ofar dregur. Þannig verði raski, bæði við framkvæmdir og viðhald, haldið í lágmarki. Aðrir strengir verða lagðir meðfram þrýstipípum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Orkustofnun telja að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að Náttúrustofa Vestfjarða hafi upplýst um það með bréfi dags. 21. október 2009 að engar fornleifar hefðu fundist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Mjólkárvirkjunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækken Mjólkárvirkjunar með byggingu tveggja stöðvarhúsa, lagningu þrýstipípu frá Prestagilsvatni að Borgarhvilstarvatni, fram lengingu Hofsárveitu og lagningu veituskurða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður og fugla verði ekki veruleg. Við endurnýjun þrýstilagna að Mjólkárvirkjun I verða óhjákvæmilega sýnileg ummerki á framkvæmdatíma og á meðan svæðið er að jafna sig eftir að framkvæmdum er lokið. Skipulagsstofnun telur brýnt að standa þannig að verki að rask verði í algjöru lágmarki og að hafist verði handa við frágang svæðisins um leið og framkvæmdum lýkur. Gangi það eftir eigi neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna að verða skammvinn og óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag verði helst vegna veituskurða. Einkum vegna þess að bein lega þeirra fellur illa að náttúrulegu formi landslagsins. Þar sem þeir verða að mestu leyti á lítt grónu svæði til heiða og sjást eingöngu þegar komið er að þeim þá verði áhrif þeirra ekki veruleg.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að ef framkvæmdirnar auki afhendingaröryggi og dragi úr notkun díselstöðva við raforkuframleiðslu þá fylgi þeim talsverð jákvæð áhrif á samfélag á vestanverðum Vestfjörðum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkubús Vestfjarða ohf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkan Mjólkárþirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og en stöðvarhús eru háð byggingarleyfi skv. 43. gr. sömu laga. Einnig þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Auk þess þarf að kanna hvort ekki beri að endurnýja virkjunarleyfi hjá Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Orkubú Vestfjarða og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktihögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. apríl 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson